

1873.

5. júlí.

Ad því leyti, sem jústizráð Jón Hjaltalín hafði stungið uppá, að heilbrigðisráðið skyldi taka til hin skriflegu verkefni við prófið í læknisfræði á Íslandi, skal því að endingu við bætt, að tæð ráð hefir látið í ljósi, að það gæti eigi fallizt á uppástungu þessa, með því það þekkti of lítið til hinna einstöku atriða við kennsluna, til þess að geta gefið verkefni, sem væri við hæfi lærisveina, enda hefði ráðið ekki þá leiðbeining, að það gæti dæmt um úrlausnirnar.

5. júlí.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til verkfæra handa jarðyrkjumanni.

Skjalavörður Jón Sigurðsson hefir fengið stjórnarráðinu bænarskrá, stýlaða til hins konunglega danska landbústjórnarfélags, þar sem jarðyrkjumaður Sveinn Sveinsson, sem eins og yður, herra landshöfðingi, mun kunnugt, hefir fengið styrk af allsherjar fé, til þess að ferðast um Ísland og leiðbeina mönnum þar í jarðyrkju, sækir um 182 rd. 40 sk. styrk til þess að kaupa fyrir ýms áhöld, sem hann þarf á að halda í fyrnefndri stöðu sinni, og hefir stjórnarráðið síðan sent félaginu bænarskrána, og mælt fram með henni. Félagið hefir nú tilkynnt stjórnarráðinu, að það geti eigi veitt það, sem sókt er um, en lagt til, að stjórnarráðið veiti nokkurn styrk til þessa, með því það sè mjög æskilegt, að Sveinn Sveinsson fái að minnsta kosti nokkur af verkfærum þeim, sem hann hefir beðið um.

Jafnframt og vèr sendum yður afskrípt af brèfi landbústjórnarfélagsins, til þess þèr birtið það Sveini Sveinssyni, skal því við bætt, að stjórnarráðið mun vera tilleiðanlegt til að veita honum 50—60 rd. styrk, til þess að útvega sèr hin nauðsynlegustu áhöld, þegar hann segir til, hver þau sè og til verðs á þeim.